

Fundur nr. 66 í Hafnarstjórn haldinn í Ráðhúsinu fimmtudaginn 28.6.2012 kl: 20:00

Mættir voru: Alex Páll Ólafsson, Hrannar Pétursson, Páll Guðmundsson, Guðmundur Kolbeinn Björnsson, Valentínus Guðnason, Ingveldur Eypórsdóttir og Gyða Steinsdóttir hafnarstjóri.

Dagskrá:

1. Vatnshúsið á Skipavíkurbryggju hefur verið boðið út. Tilboð barst frá ÞB. Borg sem samþykkt hefur verið á fundi bæjarstjórnar sem haldinn var í dag.
2. Umsókn barst frá Sæferðum um uppsetningu á auglýsingarskilti við Stykkisbryggju. Skiltið er 2 x2 metrar á 80cm. undirstöðum. Skiltið skyldi staðsett vinstramegin á leiðinni út á Stykkisbryggju. Skipulags- og byggingarnefnd tók jákvætt í uppsetningu skiltisins við endann á brúnni út í Stykki. Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar. Hafnarstjórn leggur til að Sæferðum verði veitt leyfi til uppsetninga á skilti tímabundið þar til deiliskipulagsvinnu á hafnarsvæði hefur verið lokið. Fundarmenn ræddu hvort þörf væri á tveimur auglýsingaskiltum fyrir Sæferðir sem benda á miðasölu Sæferða. Töldu 3 stjórnarmenn að fjarlægja ætti eldra auglýsingaskilti sem staðsett er við gatnamót Súgandiseyjargötu og Hafnargötu.
3. Önnur mál
 - 3.1. Hafnarstjóri sagði frá því að beðið sé eftir teikningum af bílastæðum við Súgandiseyjargötum.
 - 3.2. Rætt var um svæðið í kringum minnisvarða látinna sjómanna á Flæðiskeri. Hafnarstjórn telur að minnisvarðinn njóti sín ekki eins og svæðið í kringum hann er í dag. Ýmislegt rætt til úrbóta og telur Hafnarstjórn að gott væri að fá álit bæjarbúa á staðsetningu minnisvarðans í tengslum við fyrirhugaðrar deiliskipulagsvinnu á hafnarsvæðinu.
 - 3.3. Formaður lagði fram tillögu um að Landeyjarsundið yrði dýpkað. Leggur hann til að framkvæmd verði forkönnun á kostnaði vegna dýpkunnar. Þá benti hafnarvörður á nauðsyn þess að dýpka Stykkishólshöfn.
 - 3.4. Rædd voru skipulags mál við Skipuvíkurbryggju.

Fundi slitið kl. 21:40

Alex Páll Ólafsson (sign),
Guðmundur Kolbeinn Björnsson (sign),
Gyða Steinsdóttir (sign),
Ingveldur Eypórsdóttir (sign).

Páll Guðmundsson (sign),
Valentínus Guðnason (sign),
Hrannar Pétursson (sign),